



Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>Módelteikning MYL 203</b> <b>Kennsluáætlun vor 2014</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

**Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is**

**Viðtalstími: Þriðjudaga 11:20-12:00**

## Áfangalýsing

Alhliða þjálfun í teiknifærni dýpkuð. Sjónskilningur og sjónminni þjálfað og hæfileikinn til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu. Hæfileikinn til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu og að nota til þess sjónskilning og sjónminni þjálfaður. Nemendur æfa sig í að skynja jafnvægi og átök, spennu og hlutföll og skilningur á stærðfræði og fagurfræði mannlíkamans dýpkaður. Nemendur rannsaka mótun forma mannlíkamans og beina- og vöðvabyggingu. Þeir beita einnig frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Nemendur ígrunda verk sín. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndum, með ýmiskonar efnum og aðferðum.



## Markmið

Að nemandinn með þjálfun dýpki skilning sinn á:


- verklegri færni við að teikna mannlíkamann.
- margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannlíkaminn býr yfir.
- burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamanns.
- þeirri tengingu, sem er milli hönnunar og uppbyggingar mannlíkamanns.
- listrænni vinnu, rannsóknarvinnu og að skynja og túlka það sem hannsér og upplifir.

## Námsmat

Próflaus áfangi. Kennaramat, sjálfsmat, ígrundun, leiðsagnarmat.

Öll verkefni nemenda eru metin 45%. Tekið er tillit til afraksturs í tengslum við ætlan, notkunar grunnreglna, valds á efnum og aðferðum,

Ferlið er metið 50%. Tekið er tillit til hvernig nemandi ber sig að við vinnuna, áhuga, hugvitssemi, notkunar fyrirmynda, rannsóknar og ígrundunar. Mæting 5%.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>Módelteikning MYL 203 Kennsluáætlun vor 2014</b>	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

## Verkefni

1. Rannsókarvinna, þar sem flókin form vöðva, beina og líkamans íheild eru rannsökuð ítarlega á lifandi fyrirmynd, beinagrind eða myndum af vöðvum og beinum með ýmiskonar teikniáhöldum eða leir.
2. Hraðteikningar, með mismunandi aðferðum og áhöldum þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.
3. Vinna í skissubók heima og í skóla með viðfangsefni áfangans og hugðarefnum nemenda tengdum honum.
4. Verk ýmissa listamanna úr nútíð og fortíð skoðuð.

*Með fyrirvara um breytingar.*

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar.

*Gangi ykkur vel!*

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Rekstrarhandbók 09: Kennsluáætlanir

Prent. dags.: 07/01/2014